

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í heildsölu.

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu orkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kw. afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	2 880 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2500 klst. nýtingartíma á árskW	91.2 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2500 og 4000 klst. nýtingartíma á árskW	52.8 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. á nýtingartíma á árskW .	26.4 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðar-álagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kwst. deild með heim álagstoppi á kw., sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans, miðað við umsamið afl og skal þeirri unnhæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt Rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga, reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ía daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lög taki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Verðjöfnunargjald er innfalið í verðinu, en ekki söluskattur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka nú þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 37 17. febrúar 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 6. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

6. marz 1973.

Nr. 76.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁLÞDIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Fast gjald	kr.	F 1.
Orkugjald	—	14.40 á kWst.
12. Fast gjald	—	F 1 + F 2.
Orkugjald	—	7.60 á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa, búrekstrar o. fl.

21. Fast gjald	kr.	F 1 + F 3.
Orkugjald	—	3.60 á kWst.
Markmæling:		
23. Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	—	14 000.00 á ári.
Aflgjald, frá 3 til 6 kW	—	3 300.00 á kW á ári.
Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksafstillingu 20 kW	—	2 460.00 á kW á ári.
Orkugjald af allri notkun	—	0.60 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	7.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Fast gjald	—	F 1 + F 2.
Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári.
Orkugjald	—	7.60 á kWst.
32. Aflgjald, lágmark 2 kW	—	8 400.00 á ári.
Aflgjald, frá 2 til 5 kW	—	4 200.00 á kW á ári
Aflgjald, umfram 5 kW	—	3 700.00 á kW á ári.
Fast gjald	—	F 1 + F 3.
Orkugjald	—	1.40 á kWst.
34. Til súgburrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október:		
Aflgjald	—	1 330.00 á kW á ári.
Fast gjald	—	F 1.
Orkugjald	—	0.60 á kWst.